

Gildandi deiliskipulag Mkv. 1:1000

**ALMENNT**

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulag fiskeldisstöðvar í landi Nauteyrar var samþykkt 31. maí 2016 og tók gildi 25. júlí 2016. Breytingin tekur til um 4066 m<sup>2</sup> svæðis og felst í að ný lóð (lóð 8) fyrir aðveitustöð er skilgreind sunnan við lóð 6 og aðkomuvegur að henni. Ennfremur ný staðsetning fyrir rafstreng. Gerð er breyting á skipulagsuppdrætti II og kafla 3.3.4 í greinargerð þar sem tafla 3-2 breytist og umfjöllun um nýja lóð bætist við kaflann. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022.

**MARKMIÐ**

Markmið breytingar er að skapa svigrúm til uppbyggingar aðveitustöðvar á Nauteyri til að tryggja bætt afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu.

**NÁTTÚRUFAR**


Innan skipulagssvæðis eru mosamelavist og hraungambravist ríkjandi skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Verndargildi vistgerðanna er lágt. Fuglalíf er nokkurt á svæðinu skv. gögnum NÍ og eru þúfuttillingur, rjúpa, heiðlóa og spói algengustu tegundirnar.

**UPPDRÁTTUR**

Á uppdrætti II er skilgreind lóð 8, ný 900 m<sup>2</sup> lóð fyrir aðveitustöð við landtöku rafstrengs. Á lóðinni er einnig skilgreindur byggingarreitur fyrir stöðina. Auk þess er skilgreindur aðkomuvegur að hinni nýju lóð. Ný lega rafveitu er sýnd á uppdrætti.

**GREINARGERÐ**

Í greinargerð, kafla 3.3.4 er eftirfarandi texti felldur úr gildi: Ekki er gert ráð fyrir nýjum lóðum. Nýrri málsgrein er bætt við kafla 3.3.4: Gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir aðveitustöð sunnan við lóð 6. Hámarkshæð bygginga er 5,0 m mælt frá gólfplötu.



Deiliskipulagsbreyting Mkv. 1:1000

Tafla 3-2 í kafla 3.3.4 Önnur nýting, breytist og verður eftir breytingu þannig:

	Nýting	Stærð lóðar	Núverandi stærð bygginga	Hámarksstærð bygginga
<b>Lóð 8</b>	Aðveitustöð	900 m <sup>2</sup>	-	90 m <sup>2</sup>

**Hnitaskrá lóðarmarka - Viðmiðun ISN93**

Nr.	Austur	Norður	Nr.	Austur	Norður
1.	346360,	607963	3.	346390,	607933
2.	346390,	607963	4.	346360,	607933

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

**ÁHRIF BREYTINGARINNAR**

Á svæðinu eru nú þegar strengir og önnur veitumannvirki sem munu tengjast nýju aðveitustöðinni. Almenn er talið að breytingin hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið til lengri tíma lítið, að teknu tilliti til þess að vandað verði til frágangs svæðisins að framkvæmdum loknum. Mannvirkið stendur nálægt strönd og við framkvæmdir þarf sérstaklega að forðast að raska að öþörfu lífríki strandarinnar.



- SKÝRINGAR**
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
  - Lóðir
  - Byggingarreitir
  - 900 m<sup>2</sup> Stærð lóða
  - Núverandi byggingar - sýndar til skýringar
  - Vegur
  - 50 m fjarlægð frá vatnsbakka
  - ⊕ Hitaveita
  - ⊖ Rafveita
  - ⊙ Boðaveita
  - o1 Hnitpunktur

**SAMÞYKKTIR**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



**STRANDABYGGÐ**

Deiliskipulag Nauteyri, Strandabyggð

Breyting  
Lóð 8 - aðveitustöð

